



Inngangur

Greiða skal jöfn laun og veita sömu kjör fyrir sambærileg störf, samanber jafnréttisstefnu safnsins.

Öll störf í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni eru kerfisbundið metin til stiga skv. Starfsmatskerfi Landsbókasafnsins. Uppsöfnuð stig ákvarða launaprep í kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags, samkvæmt stofnanasamningum safnsins og hlutaðeigandi stéttarfélaga. Kerfisbundið starfs- og hæfnismat tryggir að starfsfólk fái laun í samræmi við menntun, sérhæfni, ábyrgð og álag, óháð kyni.

Starfsmat, hæfnismat og ársmat

Starfsmat fer fram samkvæmt starfsmatskerfi Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns.

Starfsmat er hlutlægt mat á starfi og þeim kröfum sem gerðar eru til að sinna starfinu og er starfið metið til stiga. Í starfsmati skal miða við að um sé að ræða viðvarandi eða stöðugt verksvið en ekki tilfallandi verkefni. Starfslýsing er forsenda starfsmatsins.

Heiti mats	Skýring	Hvað er metið	Matsþættir
Starfsmat	mat á starfi	starfsbundnir þættir	<ul style="list-style-type: none">• menntun og starfsreynsla• þekking og færni• ábyrgð á árangri• starfsumhverfi

Hæfnismat er notað til að meta til stiga þá hæfni sem starfsmaður hefur til að bera og nýtist í starfi en er umfram þær kröfur sem gerðar eru í starfsmati. Hæfnismat er gert við upphaf starfs. Hafi starfsmaður lokið námi/námskeiðum sem hann vill láta meta inn í hæfnismat sitt þarf viðkomandi að skila staðfestingu á útskrift/þátttöku til starfsmannastjóra. Ekki eru metin námskeið sem eru eldri en 10 ára.

Heiti mats	Skýring	Hvað er metið	Matsþættir
Hæfnismat	persónubundið mat umfram það sem krafist er í starfsmati	persónubundnir þættir	<ul style="list-style-type: none">• þekking og fyrri reynsla• umframmenntun sem nýtist í starfi

Ársmat er gert árlega fyrir 1. september og fá allir starfsmenn 7 stig á ári. Ársmat gildir einungis fyrir starfsmenn sem voru í starfi 1. janúar það ár. Breytingar á röðun í launaflokka á grundvelli árs mats taka gildi 1. september ár hvert.

Uppsöfnuð stig úr starfs-, hæfnis- og ársmati ákvarða launaprep í kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags.

Starfslýsingar eru gerðar fyrir hvert starf í safninu og skulu yfirfarnar árlega í starfsmannasamtölum. Hafi umfang starfs eða ábyrgð breyst er starfslýsing uppfærð og getur starfsmaður í kjölfarið sótt um endurmat á starfi sínu til starfsmannastjóra, með afriti á sviðsstjóra.

Ábyrgð

Framkvæmdaráð ber ábyrgð á að skilgreina jafnlaunastefnu safnsins, mannauðsstjóri ber ábyrgð á innleiðingu, umbótum og hlítingu á settum viðmiðum, sem og að tryggja að stjórnendur þekki stefnuna og uppfylli öll skilyrði.

Í jafnréttisstefnu safnsins eru tilgreindar aðgerðir sem tryggja eftirlit og viðbrögð með jafnlaunastefnu. Með því að framfylgja jafnlaunastefnu tryggir safnið að viðeigandi lögum og öðrum kröfum sé framfylgt.

Jafnlaunastefnan skal endurskoðuð á þriggja ára fresti, samhliða heildarendurmati á starfsmatskerfi eins og tilgreint er í jafnréttisstefnunni.

Tilvísanir

Jafnréttisstefna

Starfsmatskerfi Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns

Stofnanasamningar stéttarfélaganna: Fh, SBU, Fræðagarður, SFR

Jafnlaunastaðall ÍST 85:2012

Ferill skjals

Útgáfur	Dagsetningar	Höfundar	Athugasemdir
1. útg.	13.10.2014	Vigdís Edda Jónsdóttir	Stefnan uppfyllir kröfur Jafnlaunastaðals ÍST 85:2012 um gerð Jafnlaunastefnu stofnunar (gr. 4.2).
2. útg.	13.03.2017	Guðrún H. Sveinsdóttir	Orðalag uppfært. Leiðrétt heiti starfsmatskerfis.

Dagsetning samþykktar	Samþykkjendur
16.03.2017	Framkvæmdaráð